

44 fram á, og vegna þess, að í tilskipun 4. marz 1871 virðist fólgin nægileg heimild til að setja þá smærri verði, sem ástæða kynni að vera til.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjád til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að eigi verður sagt, eptir því sem þjer, herra landshöfðingi, skýrið frá, að reynslan hafi sýnt, að eigi megi ráða við kláðann með þeim ráðum, sem heimild er fyrir í lögum þeim, er nú standa, og með því að það er eigi nægileg ástæða til að láta slík bráðabirgðalög út ganga, sem þjer hafið stungið upp á, herra landshöfðingi, að svo getu r farið, að sýkin verði magnaðri að vetri, — en um bráðabirgðalög skal þess getið, að það eitt er ekki nóg til að rjettlæta jafnóvenjulega brúkun á konungsvaldinu, að aðrar reglur, en nú standa, kynnu að vera vel til fallnar, — þá geta ráðgjafanum ekki fundizt ástæður þær, er þjer, herra landshöfðingi, lýsið, svo vaxnar, að rjett sje að fara að láta út ganga bráðabirgðalög samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar, og áráðir hann því eigi að hera upp (fyrir konungi) allraþegnlegasta uppástungu í þessu efni. Ráðgjafinn verður og að vera yður samdóma um, að ekki er ástæða til að fallast á beiðni þá um bráðabirgðalög um vörð, er samþykkt var á fundi Eyfirðinga og Þingeyinga, og áður er getið.

45 — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógeta um fullnaðarúrskurð á sveitarmáli.*
21. apríl. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 20. novbr. f. á. með tók jeg erindi til ráðgjafans fyrir Ísland, þar sem þjer, af því að jeg hafði breytt ákvörðun bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, samþykktri af amtinu samkvæmt opnu brjefi frá 29. maí 1839 3. gr. A, um skaðabætur fyrir lóðarspildu, er tekin hafði verið af eiganda til að breikka með eitt af aðalstrætum kaupstaðarins — spyrjið fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, hvort tjeð opið brjef hafi ekki inni að halda þau fyrirmæli, er fara eigi eptir, þá er meta skal endurgjald fyrir lóðarnám til endurbóta á strætum bæjarins m. m., og sömul., hvort þóknun þeirri, sem ákveðin er samkvæmt nefndu lagaboði, verði breytt af æðri yfirvöldum. Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum þetta erindi, hefir hann í brjefi frá 26. febr. þ. á. tjád mjer, að sjer finnist ekki ástæða til að svara fyrirsurn bæjarstjórnarinnar af því, að hún snerti sveitarmálefni, er landshöfðingi leggur fullnaðarúrskurð á (sjá augl. frá 22. febr. 1872 12. gr. sbr. m. 20. gr.) og af því að eigi hefir komið fram nein umkvörtun um úrskurð landshöfðingja.

Þetta er til kynnt herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

46 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gjald úr amtssjóðum til lækna sjóðs.*
21. apríl. — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 21. febrúar þ. á. þóknast að fallast á, að skylda sú, er hvílir á amtsjafnaðarsjóðunum á Íslandi samkvæmt konungsúrskurði frá 10. maí 1867 2. gr. samanb. konungsúrskurði frá 12. ágúst 1848, að greiða lækna sjóðnum, með skilyrði því, sem þar er tiltekið, 400 kr. árlega úr hverjum sjóði, skuli falla niður frá 1. janúar 1876.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjád yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

47 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um sölu á prestseturshjá-*
21. apríl.